



ÚRVINNSLUSJÓÐUR

Ársskýrsla 2011

© Úrvinnslusjóður
Útgefandi: Úrvinnslusjóður
Kápa: H2 hönnun
Prentun: Svansprent
Ágúst 2012

Úrvinnslusjóður

Ársskýrsla - 2011

1.	Aðfaraorð formanns	7
2.	Starfsemi Úrvinnslusjóðs árið 2011	8
2.1	Stjórn og starfsmenn	8
2.2	Hlutverk og verklag	9
2.3	Fjöldi þjónustuaðila og ráðstöfunaraðila	9
2.4	Breytingar á endurgjaldi	9
2.5	Starf fyrir stýrinefnd um raf- og rafeindatækjaúrgang	9
2.6	Söfnun heyrúlluplasts	10
2.7	Heimsóknir til þjónustu- og ráðstöfunaraðila	11
2.8	Lagabreytingar	11
2.9	Veiðarfærasamningur	12
2.10	Erlend samskipti	12
3.	Ársreikningur Úrvinnslusjóðs 2011	13
	Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings	14
	Áritun endurskoðenda	15
	Rekstrarreikningur árið 2011	16
	Efnahagsreikningur 31. desember 2011	17
	Sjóðstreymi árið 2011	18
	Reikningsskilaaðferðir	19
	Uppgjör ársins 2011 eftir vöruflokkum	24
4.	Rekstur Úrvinnslusjóðs	26
	Rekstur Úrvinnslusjóðs og rekstraryfirlit einstakra vöruflokka	26
	Olíuvörur	27
	Lífræn leysiefni	28
	Halógeneruð efnasambönd	29
	Ísósýanöt	30
	Olíumálning	31
	Prentlitir	32
	Raflöður	33
	Rafgeymar	34
	Framköllunarvökvar	35
	Kvikasilfurvörur	36
	Varnarefni	37
	Kælimiðlar	38
	Hjólbarðar	39
	Pappaumbúðir	40
	Plastumbúðir og heyrúlluplast	41
	Ökutæki	42

Meginbreytingin á starfsemi Úrvinnslusjóðs á árinu 2011 var að sjóðurinn tók að sér aukin verkefni fyrir Stýrinefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs. 1. júlí 2011 tóku gildi lög sem fólu stjórn Úrvinnslusjóðs að gegna jafnframt verkefni Stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs. Með þessari lagasetningu var fjölgað um einn í stjórn Úrvinnslusjóðs og kom í stjórnina fulltrúi frá Félagi atvinnurekenda. Stýrinefnd er algjörlega sjálfstæð og er nefndarmönnum uppálagt að blanda ekki saman hlutverki Stýrinefndar og hlutverki stjórnar Úrvinnslusjóðs.

Með 15. gr. laga nr. 162/2002 með síðari breytingum var Úrvinnslusjóði heimilað að gera samninga um að taka að sér verkefni sem falla undir lög um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 með síðari breytingum. Í framhaldi af samþykkt þessara laga gerði stjórn Úrvinnslusjóðs samning við Stýrinefnd um þau verkefni sem Úrvinnslusjóður tók að sér fyrir nefndina. Meðal þeirra verkefna sem Úrvinnslusjóður tekur að sér með þessum samningi má nefna úrvinnslu gagna um söfnun og vinnslu raf- og rafeindatækjaúrgangs, að sjá um og undirbúa nefndarfundi o.fl sem viðkemur rekstri nefndarinnar.

Skipun Stýrinefndar var leið til að uppfylla tilskipun Evrópusambandsins um að raf- og rafeindatækjaúrgangur skyldi falla undir svokallaða framleiðendaábyrgð. Kerfið byggir á að framleiðendur og innflytjendur komi á fót fjárhagslega sjálfstæðu kerfi, skilakerfi, er safni, meðhöndli og ráðstafi raf- og rafeindatækjaúrgangi.

Í kjölfar þessa voru stofnuð tvö skilakerfi, RR-skil og Sam-skil, skilakerfin þurfa starfsleyfi frá Umhverfisstofnun. Forsenda skilakerfa er að fjárhagsstaða þeirra og tekjuöflun sé traust og framleitt og innflutt magn er grundvöllur þess kostnaðar sem til fellur.

Meginatriði er að kerfi þetta starfar á ábyrgð innflytjenda og framleiðenda og óheimilt er að selja hér á landi eða taka til eigin nota í atvinnuskyni raf- og rafeindatæki nema framleiðandi eða innflytjandi sé aðili að skilakerfi.

Löggjöf varðandi þessi atriði hér á landi er frumraun og hafa í framkvæmd komið upp nokkur vandasöm mál.

Má í því sambandi nefna:

- Ákvæði um jöfnun milli skilakerfa vegna mismunar í söfnun þegar mælt er við markaðshlutdeild félagsmanna skilakerfanna.
- Ákvæði um söfnun alls staðar á landinu.
- Fjárhagslegt eftirlit með stöðu skilakerfanna.
- Mismunandi nálgun skilakerfa varðandi ráðstöfun úrgangsins.

Fleira mætti telja sem ekki er viðfangsefni í ársskýrslu Úrvinnslusjóðs. Tilskipun Evrópusambandsins miðar við að safna skuli magni þessa úrgangs sem svarar til 4 kg/íbúa á ári en umhverfisráðuneytið hefur miðað við að hér náist söfnun sem nemur 6 kg/íbúa á ári og erum við nú við þau mörk.

Til þess að þetta kerfi virki rétt þarf samvinnu og gagnkvæman skilning milli skilakerfanna.

Úrvinnslusjóður gerir Stýrinefnd reikning fyrir vinnu sína að þessu verkefni miðað við samning en lögin segja fyrir um að skilakerfin skuli greiða þann kostnað sem á Stýrinefnd fellur.

Í ljósi reynslunnar vinnur umhverfisráðuneytið nú að endurskoðun laganna um raf- og rafeindatækjaúrgang og er gert ráð fyrir að lagasetningu geti lokið fyrir árslok 2012.

Á árinu 2010 var verulegur halli á rekstri Úrvinnslusjóðs eða sem nam 172,7 m.kr. Stafaði þessi halli af því að stjórn Úrvinnslusjóðs ákvað að leggja til litla sem enga hækkun úrvinnslugjalds vegna aðstæðna í þjóðfélaginu í kjölfar hrunsins. Sú ákvörðun var umdeild. Ekki var hjá því komist að leggja til talsverða hækkun úrvinnslugjalds fyrir árið 2011 og hefur árangur orðið sá að tekjuafgangur ársins er 124,6 m.kr. Enn er þó halli á nokkrum efnisflokkum en stjórn sjóðsins hefur miðað við að jafnvægi náist á 3-4 árum og er mikilvægt að sjóðurinn geti staðið undir framtíðarskuldbindingum. Í því sambandi þarf að hafa í huga að líftími hinna ýmsu liða vörflokkanna er mislangur og kostnaður fellur því oft til nokkrum árum eftir að innflutningur er þ.e. þegar að förgun kemur.

Enn er starf Úrvinnslusjóðs í nokkurri þróun og mun hún halda áfram í takt við breytingar í þjóðfélaginu. Umhverfisráðuneytið er með í athugun endurskoðun á skipulagi úrgangsmála og fléttast þar inn í ákvæði um framleiðendaábyrgð.

Úrvinnslusjóður hefur átt ágætt samstarf við umhverfisráðuneytið á liðnum árum sem og við aðrar stofnanir ríkisins, samtök sveitarfélaga og hagsmunaaðila atvinnulífsins. Það ber að þakka.

Guðm. G. Þórarinnsson
Formaður stjórnar Úrvinnslusjóðs

STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2011

Lög um úrvinnslugjald nr. 162 voru samþykkt á Alþingi 22. desember árið 2002. Með þeim var Úrvinnslusjóður stofnaður en jafnframt felld úr gildi lög um spilliefnagjald og starfsemi Spilliefnanefndar, en Úrvinnslusjóði fengin þau verkefni sem Spilliefnanefnd annaðist.

Úrvinnslusjóður fer með umsjón úrvinnslugjalds. Í lögum um Úrvinnslusjóð er gert ráð fyrir að umhverfisráðherra setji nánari reglur um úrvinnslugjaldið og Úrvinnslusjóð. Það var gert þann 28. mars 2003 með reglugerð nr. 227/2003. Ný reglugerð nr. 501/2003 kom í hennar stað og tók gildi 30. júní 2003.

2.1 STJÓRN OG STARFSMENN

Með lagabreytingum sem tóku gildi 1. júlí 2011 var stjórn Úrvinnslusjóðs falið að gegna jafnframt hlutverki stýrinfendar raf- og rafeindatekjaúrgangs. Hlutverk nefndarinnar er skilgreint í 35. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari

breytingum. Á sama tíma var fjölgað um einn stjórnarmann í stjórn sjóðsins sem tilnefndur er af Félagi atvinnurekenda.

Umhverfisráðherra skipar sex manna stjórn Úrvinnslusjóðs til fjögurra ára í senn. Hann skipar formann stjórnar án tilnefningar, en fjórir meðstjórnendur skulu skipaðir að fenginni tilnefningu frá eftirtöldum aðilum:

Einn eftir sameiginlegri tilnefningu Samtaka fiskvinnslustöðva og Landssambands íslenskra útvegsmanna, einn frá Samtökum iðnaðarins, einn frá SVÞ–Samtökum verslunar og þjónustu, einn frá Félagi atvinnurekenda og einn frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Varaformaður sem skipaður er af ráðherra, eftir tilnefningu stjórnar, skal koma úr hópi stjórnarmanna. Á árinu var stjórn Úrvinnslusjóðs skipuð Guðmundi G. Þórarinssyni, stjórnarformanni, Bryndísi Skúladóttur fyrir Samtök iðnaðarins, varaformanni, Ólafi Reyni Guðmundssyni fyrir SVÞ-Samtök verslunar og þjónustu, Guðfinni G. Johnsen,

Álagning og breytingar á úrvinnslugjaldi

Nr.	Vöruflokkar	1.1.2003	1.1.2004	1.1.2005	1.1.2006	1.3.2007	1.1.2008	1.7.2010	1.1.2011
01	Heyrúlluplast (telst til plastumbúða frá 1.1.2008)		25,00				sjá plastumb.		
02	Samsettar drykkjarvöruumbúðir	22,23		10,00	sjá pappaub.				
02	Samsettar drykkjarvöruumbúðir (kr/stk)	0,59-0,73		0,26-0,33	sjá pappaub.				
04	Olíuvörur aðrar en brennsluolía	11,50	14,50			13,00			30,00
04	Svartolía*	0,00							
05	Lífræn leysiefni, almennt	3,00						7,00	15,00
05	Lífræn leysiefni, sérstök							120,00	
06	Halógeneruð efнасambönd	105,00		130,00				160,00	220,00
07	Ísósýanöt	1,30	1,50					2,50	5,00
08	Olíumálning	17,00	20,00				25,00	30,00	35,00
09	Prentlitir	20,00	34,00			25,00			
10	Mangandíoxíðraflöður	91,00		45,50					
10	Lípíumraflöður	171,00		85,50					
10	Raflöður með nikkelladmíum	202,00		101,00					
10	Raflöður með kvikasilfri	559,00		279,50					
10	Alkalískar hnapparaflöður (kr/stk)	5,00		2,50					
11	Rafgeymar með síru	19,00						25,00	35,00
11	Rafgeymar án síru	26,60						35,00	49,00
11	Rafgeymar í tækjum (kr/ökutæki)	104,50-1.672						138-2.207	193-3.090
11	Raflöður í rafmagnsspennum	19,00							
12	Kemískar vörur í ljósmynda- og prentiðnaði	36,75-294	51,00-408				72,00-576,00		84,00-672,00
13	Kvikasilfursvörur	900,00							
14	Varnarefni, útrýmingar- og fúavarnarefni	3,00							
15	Kælimiðlar	2,50							
16	Hjólbarðar	36,02		30,00	20,00	15,00			40,00
16	Hjólbarðar (kr/ökutæki)	72,04-36.020		60-30.000	40-20.000	30-15.000			80-40.000
17	Veiðarfæri*				0,00				
18	Pappírs- og pappaubúðir				10,00	7,00		12,00	15,00
20	Plastumbúðir				10,00	3,00		5,00	12,00
51	Ökutæki (kr/ökutæki á ári)	1.040,00		700,00					

Úrvinnslugjald er alls staðar í kr/kg nema annars sé getið.

*Samningur um ráðstafanir til að tryggja úrvinnslu úrgangs v. svartolíu og veiðarfæra úr gerviefnum sbr. 8.gr. laga 162/2002 m.síðari breytingum. Svartolía og veiðarfæri úr gerviefnum eru því undanþegin gjaldtöku úrvinnslugjalds.

STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2011

fyrir Landsamband íslenskra útvegsmanna og Samtök fiskvinnslustöðva, Halldóri Haraldssyni frá Félagi atvinnurekenda og Ögmundi Einarssyni fyrir Samtök íslenskra sveitarfélaga. Starfsmenn Úrvinnslusjóðs eru fimm.

Stýrinefnd hefur falið Úrvinnslusjóði að vinna ákveðin verkefni fyrir nefndina. Má þar nefna öflun og úrvinnslu gagna um söfnun og vinnslu raftækjaúrgangs, utnumhald nefndarfunda o.fl. sem viðkemur rekstri nefndarinnar. Heimild er í lögum um sjóðinn til að taka að sér slík verkefni. Einnig mun sjóðurinn leggja út fyrir nefndarlaunum og öðrum kostnaði vegna verkefna stýrinefndar. Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatekja bera kostnað vegna starfsemi stýrinefndar gegnum skilakerfi sem þeir eru aðilar að.


2.2 HLOTVERK OG VERKLAG

Úrvinnslusjóður sér um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess. Hann beitir hagrænum hvötum til að koma á skilvirku fyrirkomulagi á úrvinnslu úrgangs sem stafar frá vöruflokkum sem falla undir lög um úrvinnslugjald. Sjóðurinn leitast við að skapa sem hagkvæmust skilyrði til úrvinnslu úrgangs og semur um úrvinnslu hans á grundvelli útboða eða verksamninga.

Hráefni og orka til vöruframleiðslu eru oft takmarkaðar auðlindir sem ber að fara eins sparlega með og kostur er. Úrgangur, sem verður til við vörunotkun eða þegar vörur hafa þjónað tilgangi sínum, rýrir oft náttúruleg gæði.

Hin síðari ár hefur verið lögð æ meiri áhersla á að vöruhringrásin sé eins lokuð og kostur er og að notkun hráefna og orku sé í lágmarki.

Vöruhringrás



Úrvinnslusjóður vinnur að því að sem minnst falli út úr vöruhringrásinni og stuðlar að sem mestri endurnýtingu og endurvinnslu. Úrvinnslugjald er notað til að greiða fyrir meðferð flokkaðs úrgangs á söfnunarstöðvum, flutning, endurnýtingu, endurvinnslu eða förgun með eða án skilagjalds.

2.3 FJÖLDI ÞJÓNUSTAÐILA OG RÁÐSTÖFUNARAÐILA

Fjöldi þjónustuaðila hefur vaxið jafnt og þétt frá upphafi. Árið 2011 voru 56 þjónustuaðilar í viðskiptum við sjóðinn og eru nokkrir þeirra með nokkra vöruflokka. Af þessum 56 þjónustuaðilum voru 32 bændur sem komu eigin heyrúlluplasti í endurnýtingu. Þjónustuaðili sækir um að þjóna ákveðnum vöruflokkum og einnig á ákveðnum landsvæðum.

Ráðstöfunaraðilar sem ráðstafað var til 2011 voru samtals 24 talsins en nokkrir þeirra eru í mörgum vöruflokkum.

	Fjöldi þjónustuaðila	Fjöldi ráðstöfunaraðila
Pappa og pappírumbúðir	10	9
Plastumbúðir (án heyr.pl)	13	8
Heyrúlluplast (plastumbúðir)	45	6
Hjólbarðar	13	7
Spilliefni	2	12

2.4 BREYTINGAR Á ENDURGJALDI

Þann 1. maí 2011 hækkaði endurgjald fyrir förgun/endurvinnslu spilliefna um 4%.

2.5 STARF FYRIR STÝRINEFND UM RAF- OG RAFEINDATEKJAÚRGANG


Á árinu 2011 vann starfsfólk Úrvinnslusjóðs í samráði við stýrinefnd að því að ákvarða um markaðsskiptingu skilakerfa. Unnið var úr gögnum frá Tollstjóra sem sýna innflutning á rafeinda- og raftækjaúrgangi til Íslands og upplýsingum um ráðstöfun úrgangsins frá tveimur skilakerfum fyrir árin 2009, 2010 og 2011. Um mitt ár 2011 voru stjórn Úrvinnslusjóðs falin verkefni stýrinefndar um raf- og rafeindatekjaúrgang. Unnið var með fráfandi stýrinefnd að uppgjöri vegna árána 2009, 2010 og fram til 1. júlí 2011. Í framhaldinu samdi Úrvinnslusjóður við nýja stýrinefnd um sambærileg verkefni og unnin höfðu verið fyrir fráfandi stýrinefnd. Úrvinnslusjóður innheimtir gjald fyrir vinnu sína.



STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2011

2.6 SÖFNUN HEYRÚLLUPLASTS

Úrvinnslusjóður hefur greitt fyrir endurnýtingu heyrúlluplasts frá því í desember 2004. Söfnun fór strax vel af stað og hefur árleg söfnun verið um og yfir 1.700 tonn frá árinu 2006 (sjá mynd 2.1). Á myndinni sést á hvaða ári raunveruleg söfnun átti sér stað en í ársskýrslu miðast söfnunartölur við uppgjörsár reikninga frá þjónustuaðilum og því eru þessar tölur ekki þær sömu innan hvers árs. Það hefur kostað þó nokkra vinnu að koma söfnun heyrúlluplastsins í það horf sem nú er. Nokkrir þjónustuaðilar hafa heimsótt bændur og kennt þeim að ganga frá plastinu til endurvinnslu til að auka verðmæti úrgangsins. Nýlegar mælingar benda þó til þess að óhreinindi og vatn í því sem safnað er geti verið yfir 30% af heildarþyngdinni sem er svipað reynslutölum frá Noregi og fleiri löndum í Evrópu. Þessi tala getur þó farið niður í 5% ef vel er staðið að meðhöndlun en óhreinindi og einhver raki eru óhjákvæmileg.



Mynd 2.1
Söfnunartölur heyrúlluplasts frá upphafi. Magn gefið upp í tonnum.


Upplýsingar um heyfeng gefa vísbendingu um það heyrúlluplast sem notað er á landinu ár hvert. Með því að bera saman þær upplýsingar og söfnun plastins má leggja mat á það hvort söfnun sé í takt við heyfeng í landshlutunum ásamt því að skoða árangurinn í kerfinu. Í töflu 2.1 má sjá í hvaða hlutföllum heyfengur ársins 2010 og söfnun í tólf mánuði eftir heyskap ársins skiptast milli landshluta. Frávikin eru mismunur á því sem vænta mátti miðað við hvar plastið var notað. Taflan sýnir að mikil fylgni er á milli heyfengs á hverju svæði og söfnun heyrúlluplasts. Það geta verið margar skýringar á því af hverju söfnun plastins er ekki í hlutfalli við heyfeng. Upplýsingar um heyfeng eru ekki fullkomlega nákvæmar. Óhreinindi í heyrúlluplasti eru mismikil milli svæða, eftir því hvernig meðhöndlun er háttað. Söfnunartölur geta hliðrast á milli tímabila ef langt líður milli þess að sótt er á bæi. Heyfengur getur færst á milli svæða sem dæmi má nefna hey sem keypt er fyrir hross á höfuðborgarsvæðinu.

	Skipting heyfengs		Frávik
	milli landshluta	magn milli landshl.	
Reykjanes og höfuðborgarsvæðið	2%	4%	3%
Vesturland	15%	18%	4%
Vestfirðir	5%	5%	0%
Norðurland vestra	19%	16%	-3%
Norðurland eystra	17%	22%	5%
Austurland	11%	8%	-3%
Suðurland	32%	27%	-5%
	100%	100%	

Tafla 2.1
Samanburður á skiptingu heyfengs og söfnunar heyrúlluplasts eftir landshlutum
Tölur um heyfeng árinna 2008 - 2010 frá Matvælastofnun (DataMarket)
Söfnunartölur fyrir 36 mánuði frá 1. október 2008 (eftir heyskap 2008)

Magn heyrúlluplasts, ef miðað er við tölur um heyfeng og reiknað út frá rúmmáli hvernar heyrúllu og plastnotkun á hverja rúllu, liggur að meðaltali kringum 1.600 – 1.700 tonn á ári. Til að meta árangur í úrvinnslu heyrúlluplasts er borið saman það sem notað er (plast sem heyjað er í) og það sem ráðstafað er á sama tíma. Meðaltal notkunar m.v. heyfeng 2008-2011 er 1.772 tonn og sama meðaltal ráðstöfunar er 1.786 tonn. Ef gert er ráð fyrir að óhreinindi séu 20% af þyngd efnis við ráðstöfun er árangur yfir þetta tímabil um 80%. Innflutningur á tollnúmer heyrúlluplasts er minni en þessar tölur segja til um en það mun stafa af því að notaður er tollflokkur fyrir aðra umbúðafilmu innan sameinaðs vöruflokks.

Til ársins 2007 fór nokkuð af heyrúlluplastinu í urðun en það heyrir nú til algjörra undantekninga. Orkunýting í sorpbrennslum var stór ráðstöfunarleið fyrstu árin en með vaxandi eftirspurn eftir plastinu til endurvinnslu hefur nú dregið verulega úr því. Á árinu 2009 var farið að endurvinnna heyrúlluplast hjá PM endurvinnslu í Gufunesi. Plastið er þvegið, brætt og mótað í litlar kúlur sem eru seldar úr landi sem hráefni í plastframleiðslu. Árið 2011 fór yfir 90% af allri ráðstöfun í endurvinnslu (plast í plast). Í mynd 2.2 má sjá hvernig skipting er milli hnattsvæða.



Mynd 2.2
Ráðstafað til endurvinnslu eftir hnattsvæðum. Magn gefið upp í tonnum

2.7 HEIMSÓKNIR TIL ÞJÓNUSTU- OG RÁÐSTÖFUNARAÐILA



Á árinu 2011 heimsóttu starfsmenn Úrvinnslusjóðs þjónustu- og ráðstöfunaraðila sjóðsins með skipulegum hætti og verður því haldið áfram. Farið var yfir samskiptin við Úrvinnslusjóð. Almennt má segja að aðstaða til meðhöndlunar á flokkuðum úrgangi hafi batnað mjög á undanförunum árum og að flestir ef ekki allir þjónustu- og ráðstöfunaraðilar sem heimsóttir voru á árinu hafi bætt starfsumhverfi sitt og tækjabúnað frá árunum á undan. Einkennandi var hversu vel þjónustu- og ráðstöfunaraðilum hefur tekist að bæta starfsaðstöðu við meðhöndlun á flokkuðum úrgangi. Auðvelt var að skoða hvern úrgangsflokk fyrir sig og skráning á magni úrgangs var aðgengileg. Það er mat starfsmanna Úrvinnslusjóðs að þjónustu- og ráðstöfunaraðilar sem heimsóttir voru á árinu 2011 sinni starfi sínu með sóma og eru almennt til fyrirmyndar með starfsaðstöðu sína.

2.8 LAGABREYTINGAR

Lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 var breytt á árinu með lögum nr. 58 þann 7. júní 2011.

Umhverfissráðherra lagði fram frumvarp á vorþingi 2011 um breytingar á meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum. Í lögunum segir: „Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma bera ábyrgð á þeim rafhlöðum og rafgeymum sem framleidd eru hér á landi eða flutt inn. Í ábyrgð framleiðenda og innflytjenda felst að þeir skulu fjármagna og tryggja meðhöndlun á rafhlöðum og rafgeymum, að frátalinni söfnun til söfnunarstöðva, og fjármagna upplýsingagjöf samkvæmt ákvæðum 22. gr. Framleiðendur og innflytjendur uppfylla skyldur sínar með því að vörurnar beri úrvinnslugjald samkvæmt lögum um úrvinnslugjald. 22 gr. fjallar um upplýsingaskyldu framleiðenda og innflytjenda: „Framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma skulu í upplýsingum sem ætlaðar eru kaupanda upp-

lýsa um hvar sé heimilt að skila rafhlöðum og rafgeymum, að rafhlöður og rafgeymar megi ekki fara með öðrum úrgangi, að hægt sé að skila rafhlöðum og rafgeymum án greiðslu og að ábyrgst sé að úrgangurinn verði meðhöndlaður í samræmi við gildandi reglur. Jafnframt skal upplýsa um áhrif rafhlaðna og rafgeyma á heilsu manna og umhverfi. Loks skulu notendur upplýstir um merkingu á rafhlöðum og rafgeymum og hvað þær þýða.“ Jafnframt segir í lögunum að Úrvinnslusjóður skuli halda skrá yfir framleiðendur og innflytjendur rafhlaðna og rafgeyma hér á landi.

Stjórn Úrvinnslusjóðs voru falin verkefni stýrinefndar um mitt ár 2011. Í 12. gr laga nr. 58/2011 segir: „Stjórn Úrvinnslusjóðs, sbr. lög nr. 162/2002, um úrvinnslugjald, gegnir jafnframt hlutverki stýrinefndar. Stýrinefndin starfar sjálfstætt.“ Þann 1. júlí 2011 tók stjórn Úrvinnslusjóðs við starfi fráfarandi stýrinefndar.



STARFSEMI ÚRVINNSLUSJÓÐS ÁRIÐ 2011

2.9 VEIÐARFÆRASAMNINGUR

Þann 29. ágúst 2005 var gert samkomulag við Landsamband íslenskra útvegsmanna um meðhöndlun á úrgangi frá veiðarfærum úr gerviefnum á grundvelli laga um úrvinnslugjald nr. 162/2002.

Samkvæmt samningi LÍÚ við PM Endurvinnslu ehf. er móttökustöð fyrir veiðarfæraúrgang úr gerviefnum á starfssvæði PM Endurvinnslu ehf. í Gufunesi og berst þangað veiðarfæraúrgangur frá öllu landinu. Stefnt er að því á árinu 2012 verði unnið úr PA efni hér á Íslandi.

Innsafnað magn af veiðarfærum úr gerviefnum á vegum LÍÚ var um 496 tonn (PE plast) þar af fóru til endurvinnslu 493 tonn og um 331 tonn (PA plast) þar af fóru 318 tonn til endurvinnslu. Til viðbótar því magni sem að ofan greinir hefur Úrvinnslusjóður fengið staðfest að a.m.k. 108 tonn af veiðarfærum úr gerviefnum hafi verið móttækin hjá öðrum endurvinnsluaðilum á árinu 2011. Samtals gerir þetta um 919 tonn af veiðarfærum úr gerviefnum sem eru endurunnin hér á landi eða erlendis. Töluverð aukning er á skilum á veiðarfærum úr gerviefnum frá árinu 2010 bæði vegna aukinna skila frá útgerðum sem og uppsöfnun milli áranna 2010 og 2011, sem er komið til endurvinnslu á árinu 2011. Ágætlega hefur gengið að fá veiðarfæraúrgang til endurvinnslu, en markmið samnings milli LÍÚ og Úrvinnslusjóðs kveður á um 45% endurnýtingu á veiðarfæraúrgangi á árinu 2011 en í samningunum er gert ráð fyrir að um 1.100 tonn af veiðarfæraúrgangi falli til á Íslandi á ári hverju.

2.10 ERLEND SAMSKIPTI

Úrvinnslusjóður gerðist aðili að EPRO eða European Association of Plastic Recycling and Recovery árið 2004. Í samtökunum eru aðilar frá 15 Evrópuríkjum og nær starfssvið sumra þessara aðila aðeins til plastumbúða en annarra er víðara. Enginn þessara aðila nær þó til jafn margra vöruflokka eins og Úrvinnslusjóður. Markmið þessara samtaka er að skipuleggja og kynna endurvinnslu og endurnýtingu á plasti í Evrópu auk þess að vera vettvangur til skoðanaskipta og fræðslu um þessi mál efni.

Árið 2006 gerðist Úrvinnslusjóður aðili að PRO EUROPE sem eru regnhlífarsamtök um það bil 35 aðila í hinum ýmsu Evrópulöndum sem hafa umsjón með söfnun og endurnýtingu umbúða. Flest þessara fyrirtækja nota "Græna punktinn" sem auðkenni á umbúðir sem eru hluti af söfnunarkerfum fyrirtækjanna. Fyrir utan að hafa umsjón með notkun "Græna punktans" sinna samtökin hlutverki sem málsvári hagsmuna sem tengjast aðildarfyrirtækjunum. Þá eru þau vettvangur fyrir umræðu um söfnun og endurnýtingu umbúða. Á vegum samtakanna eru vinnuhópar þar sem sérstaklega er fjallað um tækni, markaðs- og kynningarmál í tengslum við endurvinnslu.



ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Úrvinnslusjóður er stofnun sem heyrir undir umhverfisráðherra. Meginhlutverk sjóðsins er að sjá um umsýslu úrvinnslugjalds og ráðstöfun þess samkvæmt lögum nr. 162/2002 um úrvinnslugjald. Lögum þessum er ætlað að tryggja hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs. Stjórn Úrvinnslusjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans en framkvæmdastjóri annast daglegan rekstur og ber ábyrgð á fjárreiðum og reikningshaldi gagnvart stjórn. Í framkvæmd eru gjöld staðfest af sjóðnum en tekjur eru færðar án aðkomu hans. Í lögunum segir enn fremur að tekjur sjóðsins skuli vera af úrvinnslugjaldi og beri þeim að standa undir tilgreindum kostnaði við úrvinnslu úrgangs. Upphæð gjaldsins skal og taka mið af áætlun um kostnað við úrvinnslu úrgangs.


Á árinu 2011 varð 124,6 m.kr. tekjuafgangur af rekstri sjóðsins. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir sjóðsins 654,9 m.kr., skuldir 216,3 m.kr., eigið fé nam 438,6 m.kr. í árslok 2011 og þar af var bundið eigið fé 36,0 m.kr. Eigið fé er ætlað að standa á móti framtíðarskuldbindingum, sem eru til komnar vegna þess að kostnaður af endurvinnslu fellur oft ekki á sjóðinn fyrr en nokkrum árum eftir álagningu úrvinnslugjalds.

Á árinu 2011 var stjórn Úrvinnslusjóðs falið að gegna jafnframt hlutverki stýrinefndar raf- og rafeindatækjaúrgangs. Hlutverk nefndarinnar er skilgreint í 35. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, með síðari breytingum. Á sama tíma var fjölgað um einn stjórnarmann í stjórn sjóðsins. Stýrinefnd hefur falið Úrvinnslusjóði að vinna ákveðin verkefni fyrir nefndina. Má þar nefna öflun og úrvinnslu gagna um söfnun og vinnslu raftækjaúrgangs, utanumhald nefndarfunda o.fl. sem viðkemur rekstri nefndarinnar. Heimild er í lögum um sjóðinn til að taka að sér slík verkefni. Einnig mun sjóðurinn leggja út fyrir nefndarlaunum og öðrum kostnaði vegna verkefna stýrinefndar. Framleiðendur og innflytjendur raf- og rafeindatækja bera kostnað vegna starfsemi stýrinefndar gegnum skilakefi sem þeir eru aðilar að.

Stjórn og framkvæmdastjóri staðfesta ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 8. maí 2012

Í stjórn


Guðmundur G. Þórarinnsson


Bryndís Skúladóttir


Halldór Haraldsson


Guðfinnur G. Johnsen


Lárus M.K. Ólafsson


Bryndís Gunnlaugsdóttir

Framkvæmdastjóri


Ólafur Kjartansson

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

Áritun endurskoðenda

TIL STJÓRNAR ÚRVINNSLUSJÓÐS

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Úrvinnslusjóðs fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

ÁBYRGÐ STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGNUM

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

ÁBYRGÐ ENDURSKOÐENDA

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

ÁLIT

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Úrvinnslusjóðs á árinu 2011, efnahag 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 8. maí 2012

Sveinn Arason,
ríkisendurskoðandi

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

Rekstrarreikningur árið 2011

	Skýr.	2011	2010
Tekjur			
Úrvinnslugjöld vegna innfluttra vara	1	733.883.293	340.103.814
Úrvinnslugjöld vegna ökutækja	2	154.634.700	155.510.925
Úrvinnslugjöld vegna innlendrar framleiðslu	3	49.866.954	34.012.895
Aðrar tekjur	4	2.767.337	0
.....		<u>941.152.284</u>	<u>529.627.634</u>
Gjöld			
Skilagjald		45.700.700	47.773.634
Móttökustöðvargjöld		565.156.546	480.761.570
Söfnunarstöðvargjöld		1.937.238	2.353.376
Flutningsgjöld		117.779.796	109.260.257
Önnur meðhöndlunargjöld		17.742.984	18.187.932
Rekstrarkostnaður, sértækur	5	12.942.896	8.786.243
.....		<u>761.260.160</u>	<u>667.123.012</u>
Rekstrarkostnaður, sameiginlegur	6	67.698.536	60.457.821
.....		<u>828.958.696</u>	<u>727.580.833</u>
(Tekjuhalli) tekjuafgangur fyrir hreinar fjármunatekjur		112.193.588	(197.953.199)
Fjármunatekjur (fjármagnsgjöld)	7	<u>12.403.558</u>	<u>25.252.877</u>
Tekjuafgangur (tekjuhalli) ársins		<u>124.597.146</u>	<u>(172.700.322)</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

Efnahagsreikningur 31. desember 2011

	Skýr.	2011	2010
Eignir			
Veltufjármunir			
Ríkissjóður	8	455.618.247	358.174.130
Viðskiptakröfur		197.534.175	101.802.031
Handbært fé		1.717.046	1.477.723
.....		<u>654.869.468</u>	<u>461.453.884</u>
Eignir alls.....		<u>654.869.468</u>	<u>461.453.884</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Höfuðstóll:			
Höfuðstóll í ársbyrjun		295.987.106	486.687.428
(Tekjuhalli) tekjuafgangur ársins		124.597.146	(172.700.322)
Flutt á annað eigið fé		(18.000.000)	(18.000.000)
..... Höfuðstóll	9	<u>402.584.252</u>	<u>295.987.106</u>
Annað eigið fé:			
Bundið eigið fé		36.000.000	18.000.000
..... Annað eigið fé	9	<u>36.000.000</u>	<u>18.000.000</u>
..... Eigið fé		<u>438.584.252</u>	<u>313.987.106</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir		216.285.216	147.466.778
Skuldir		<u>216.285.216</u>	<u>147.466.778</u>
Eigið fé og skuldir alls.....		<u>654.869.468</u>	<u>461.453.884</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

Sjóðstreymi árið 2011

Rekstrarhreyfingar

Veltufé frá rekstri:

Tekjuhalli ársins

Veltufé frá rekstri

Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:

Ríkissjóður, inneign lækkun/(hækkun)

Skammtímakröfur lækkun/(hækkun)

Viðskiptaskuldir (lækkun)/hækkun

Handbært fé frá rekstri

Handbært fé í ársbyrjun

Handbært fé í lok ársins

Skýr.

2011

2010

124.597.146

(172.700.322)

124.597.146

(172.700.322)

(97.444.117)

224.773.152

(95.732.144)

(872.179)

68.818.438

(51.143.240)

(124.357.823)

172.757.733

239.323

57.411

1.477.723

1.420.312

1.717.046

1.477.723

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

Reikningsskilaaðferðir

GRUNDVÖLLUR REIKNINGSSKILA

Ársreikningur Úrvinnslusjóðs er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006 og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögunum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

TEKJUSKATTAR

Úrvinnslusjóður er undanþeginn álagningu tekjuskatta.

SKRÁNING TEKNA

Tekjur Úrvinnslusjóðs eru úrvinnslugjald sem lagt er á gjaldendur af álagningaraðilum. Innheimta er í höndum sýslumanna og/eða tollstjóra. Úrvinnslugjaldið er fært í fjárhagsbókhalld hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Með samningi við stýrnefnd raf- og rafeindatækjaúrgangs, sbr. lög nr. 55/2003 með síðari breytingum, um meðhöndlun úrgangs, vinnur Úrvinnslusjóður ákveðin verkefni fyrir nefndina gegn þóknun. Reikningar eru sendir til nefndarinnar. Skýrir þetta aðrar tekjur, ásamt endurgreiðslu útlagðs ferðakostnaðar.

SKRÁNING GJALDA

Þegar reikningar berast Úrvinnslusjóði eru þeir áritaðir og samþykktir. Síðan eru þeir sendir með beiðni um greiðslu og bókun til Fjársýslu ríkisins. Skilagjald ökutækja er gjaldfært samkvæmt skilagreinum án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Í lok ársins eru áfallin gjöld, er tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð á rekstrarreikning og sem ógreidd gjöld í árslok. Fjársýslan sér um alla meðferð virðisaukaskatts fyrir Úrvinnslusjóð.

SKAMMTÍMAKRÖFUR

Skammtímakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

HANDBÆRT FÉ

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

LÍFEYRISSKULDBINDING

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna sjóðsins er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

VIÐSKIPTASKULDIR

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta þar sem við á.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

BÓKHALD OG FJÁRVARSLA

Úrvinnslusjóður er í bókhalds- og greiðslubjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Í því felst að Fjársýslan annast færslu bókhalds samkvæmt samþykktum reikningum frá sjóðnum annars vegar og hins vegar samkvæmt skilagreinum úr tekjubókhaldskerfi ríkisins án staðfestingar Úrvinnslusjóðs. Sjóðurinn er einnig í launagreiðslubjónustu hjá Fjársýslu ríkisins.

FJÁRHEIMILDIR OG REKSTUR

Samkvæmt fjárlögum er gert ráð fyrir að rekstur sjóðsins sé fjármagnaður með innheimtu úrvinnslugjalds. Fjárveitingar á fjárlögum 2011 fyrir markaðar tekjur Úrvinnslusjóðs (áætlaðar tekjur af úrvinnslugjaldi) námu 902,0 m.kr. Tekjur af úrvinnslugjaldi urðu 938,4 m.kr.

Rekstur vörflokka nam 761,3 m.kr. sem er 101,7 m.kr. lægra en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Sértekjur sjóðsins, sem eru aðrar tekjur og fjármagnsliðir nettó eða vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti og vaxtagjöldum voru 15,2 m.kr. Rekstrargjöld sjóðsins námu 66,6 m.kr. en það var 3,6 m.kr. hærra en gert var ráð fyrir í fjárheimildum og eignakaup voru 1,1 m.kr., sem er 0,1 m.kr. umfram fjárheimildir.

Sértekjur og ríkistekjur að frádregnum rekstrargjöldum námu samtals 124,6 m.kr. Sundurliðun er sem hér greinir:

	Fjárlög	Fjárheimild	Reikningur	Frávik
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	(902.000)	(902.000)	(938.385)	36.385
Sértekjur, fjármagnsliðir nettó	(25.000)	(25.000)	(15.171)	(9.829)
Rekstur vörflokka	863.000	863.000	761.260	101.740
Annar kostnaður	63.000	63.000	66.583	(3.583)
Eignakaup	1.000	1.000	1.116	(116)
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>(124.597)</u>	<u>124.597</u>

Fjárhæðir í þús. kr.

Rekstrarreikningur, sundurliðun í þús.kr.:	2011	2010
Markaðar tekjur: Úrvinnslugjald	(938.385)	(529.628)
Sértekjur, fjármagnsliðir nettó	(15.171)	(25.253)
Rekstur vörflokka	761.260	667.123
Annar kostnaður	67.699	60.458
	<u>(124.597)</u>	<u>172.700</u>

SUNDURLIÐANIR

1. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA INNFLUTTRA VARA

Álagt úrvinnslugjald á innfluttar vörur á árinu 2011 nam 733,9 m.kr. Hækkun frá fyrra ári var 393,8 m.kr. eða rúmlega tvöföldun og stafar að mestu af hækkun úrvinnslugjalds 2010 sem miðaði við að ná langtímamarkmiði um eigið fé í hverjum vörflokki sem hlutfall af árs kostnaðarveltu hans. Auk þess varð aukning milli ára í nokkrum vörflokkum. Álagning á innfluttar vörur er í höndum tollstjóra.

2. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA ÖKUTÆKJA

Úrvinnslugjald vegna ökutækja var 154,6 m.kr. og lækkaði um 0,9 m.kr. frá árinu 2010 eða 0,6%. Úrvinnslugjald vegna ökutækja er gjald sem lagt er á ökutæki og er það innheimt með bifreiðagjöldum. Ríkisskattstjóri annast álagningu á ökutæki.

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

3. ÚRVINNSLUGJALD VEGNA INNLENDRAR FRAMLEIÐSLU

Álagning vegna innleðrar framleiðslu nam 49,9 m.kr. á árinu, en 34,0 m.kr. á síðasta ári, sem er hækkun um 15,9 m.kr. eða 46,6%. Sjá skýringu 1 um innflutning. Úrvinnslugjald innleðrar framleiðslu er vegna málningar, leysiefna, pappa- og pappírsumbúða, plastumbúða og hjólbarða. Álagning á innleðra framleiðslu er í höndum skattstjóra. Frá álagningu á innleðra framleiðslu er dregin álagning úrvinnslugjalds á innfluttar vörur sem notuð er í innleðra framleiðslu og endurgeiðsla úrvinnslugjalds á innflutta vöru vegna eigin endurnýtingar skv. sérstökum samningi þarum. Í fylgiskjali með ársreikningnum er gerð grein fyrir álagningu úrvinnslugjalds vegna innleðrar framleiðslu og ofangreindum frádrætti.

4. AÐRAR TEKJUR

Með samningi við stýrinesnd raf- og rafeindatækjaúrgangs, sbr. lög nr. 55/2003 með síðari breytingum, um meðhöndlun úrgangs, vinnur Úrvinnslusjóður ákveðin verkefni fyrir nefndina gegn þóknun. Reikningar eru sendir til nefndarinnar. Skýrir þetta aðrar tekjur, ásamt endurgeiðslu útlags ferðakostnaðar. Aðrar tekjur námu 2,8 m.kr árið 2011.

5. REKSTRARKOSTNAÐUR, SÉRTÆKUR

Úrvinnslusjóði ber að gera úrvinnslugjald upp eftir vöruflokkum. Sértækur rekstrarkostnaður er kostnaður sem tilheyrir ákveðnum vöruflokki og er því færður beint til gjalda á viðkomandi vöruflokk. Gerð er grein fyrir þeirri skiptingu eftir vöruflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sértækur rekstrarkostnaður hækkaði um 4,2 m.kr. frá fyrra ári, sem aðallega skýrist af hækkun ferðakostnaðar, umsýslugjalds og afskrifta. Hækkun ferðakostnaðar skýrist m.a. af endurmenntun starfsmanna, samstarfsverkefni um söfnun og úrvinnslu heyrúlluplasts, verkefni um söfnun umbúða í eyjasamfélögum og athugun á samstarfsmöguleikum um flokkun og endurvinnslu plastumbúða frá heimilum. Undir liðnum aðrar tekjur er færð endurgeiðsla á móti útlögðum ferðakostnaði.

	2011	2010
Skrifstofu- og stjórnuarkostnaður	500	78.505
Kynningarstarfsemi	174.444	115.208
Funda- og ferðakostnaður	4.120.832	2.374.011
Aðkeypt sérfræðipjónusta	0	694.506
Umsýslugjald	4.348.411	2.672.077
Afskrifað úrvinnslugjald	4.298.709	2.851.936
	<u>12.942.896</u>	<u>8.786.243</u>

6. REKSTRARKOSTNAÐUR, SAMEIGINLEGUR

Sameiginlegur rekstrarkostnaður er kostnaður sem ekki er hægt að heimfæra beint á ákveðinn vöruflokk og er skipt á vöruflokkum í réttu hlutfalli við álagt úrvinnslugjald þegar kemur að uppgjöri eftir vöruflokkum. Gerð er grein fyrir uppgjöri ársins 2011 eftir vöruflokkum í fylgiskjali með ársreikningnum. Sameiginlegur rekstrarkostnaði er skipt upp í laun og annan rekstrarkostnað.

Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld voru 48,9 m.kr. og hækkuðu um 4,3 m.kr. eða 9,7% frá fyrra ári og skýrist hækkun að mestu af almennum samningsbundnum launahækkunum, fjölgun stjórnarmanna, fjölgun ársverka og endurskoðun launakjara. Í árslok 2011 voru fimm starfsmenn hjá Úrvinnslusjóði, sem var óbreytt frá árinu áður, en stjórnarmönnum fjölgaði úr fimm í sex. Ársverk voru 5,0 árið 2011 og fjölgaði um 0,2 frá árinu áður. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

	2011	2010
Launagjöld	34.309.464	31.500.016
Stjórnarlaun	5.455.330	4.804.920
Launatengd gjöld	9.166.649	8.303.976
	<u>48.931.443</u>	<u>44.608.912</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður Úrvinnslusjóðs hækkaði milli ára um 2,9 m.kr. eða 18,4%. Hækkun á milli ára stafar aðallega af aðkeyptri sérfræðipjónustu vegna breytinga sem gerðar voru á heimasíðu sjóðsins og mati á heildarmagni umbúða eftir efnisflokum.

	2011	2010
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	2.168.826	2.010.304
Kynningarstarfsemi	1.154.994	743.204
Funda- og ferðakostnaður	2.202.710	2.320.214
Aðkeypt sérfræðipjónusta	2.711.743	1.583.621
Húsnæðiskostnaður	6.981.816	6.480.612
Annar rekstrarkostnaður	2.431.020	2.118.756
Eignakaup	1.115.984	592.198
	<u>18.767.093</u>	<u>15.848.909</u>
Sameiginlegur rekstrarkostnaður samtals	<u>67.698.536</u>	<u>60.457.821</u>

7. FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD

Vaxtatekjur að frádregnum fjármagnstekjuskatti og vaxtagjöldum námu 12,4 m.kr. og lækkuðu um 12,8 m.kr. frá fyrra ári eða 50,9%. Lækkunin stafar af lækkun inneignar hjá ríkissjóði, lækkun vaxtaþrósentu og hækkun fjármagnstekjuskatts. Vaxtatekjum er skipt hlutfallslega á vöruflokka eins og fram kemur í fylgiskjali. Sértækar vaxtatekjur eru álögur og dráttarvextir vegna úrvinnslugjalds sem berst eftir eindaga og færast á viðeigandi vöruflokk frá og með árinu 2010. Vaxtagjöldum er síðan skipt á vöruflokka í hlutfalli við álagt úrvinnslugjald í fylgiskjali með ársreikningnum.

	2011	2010
Vaxtatekjur af inneign hjá ríkissjóði	13.603.427	28.366.892
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum frá ríkissjóði	(2.720.685)	(5.106.040)
Vaxtatekjur af inneign í banka	36.856	70.013
Fjármagnstekjuskattur af vaxtatekjum frá banka	(7.370)	(12.602)
	<u>10.912.228</u>	<u>23.318.263</u>
Sértækar vaxtatekjur, álag	1.542.906	1.984.385
Vaxtagjöld	(51.576)	(49.771)
	<u>1.491.330</u>	<u>1.934.614</u>
	<u>12.403.558</u>	<u>25.252.877</u>

8. STAÐA VIÐ RÍKISSJÓÐ

Í efnahagsreikningi er gerð sérstök grein fyrir greiðslustöðu Úrvinnslusjóðs gagnvart ríkissjóði. Þannig eru innheimtar tekjur og greiðslur færðar um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilum sjóðsins. Í árslok 2011 nam inneign sjóðsins hjá ríkissjóði 455,6 m.kr. og hafði hækkað um 97,4 m.kr. á árinu.

Staða 1. janúar 2011	358.174.130
Markaðar tekjur	826.267.488
Millifærslur	187.368.500
Greiðslur	(916.191.871)
Staða 31. desember 2011	<u>455.618.247</u>

ÁRSREIKNINGUR ÚRVINNSLUSJÓÐS 2011

9. EIGIÐ FÉ

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll Úrvinnslusjóðs sýnir uppsafnaðan rekstrarárangur sjóðsins gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2011 sýnir höfuðstóll sjóðsins ónotaða fjárheimild að fjárhæð 402,6 m.kr. og hafði staðan batnað um 106,6 m.kr. frá árinu á undan eða sem nemur tekjuafgangi ársins að frádrægnum 18,0 m.kr. sem voru fluttar á bundið eigið fé á árinu.

Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2011	295.987.106
Tekjuafgangur ársins	124.597.146
Bundið eigið fé	(18.000.000)
Höfuðstóll 31. desember 2011	<u>402.584.252</u>

Annað eigið fé

Bundið eigið fé 1. janúar 2011	18.000.000
Bundið eigið fé á árinu 2011	<u>18.000.000</u>
Annað eigið fé 31. desember	<u>36.000.000</u>

Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

Rekstur	2011	2010	2009	2008	2007
Tekjur	941.152	529.628	463.577	567.274	728.155
Gjöld	(828.959)	(727.581)	(876.972)	(886.911)	(876.291)
Fjármagnstekjur, nettó	12.404	25.253	76.194	136.093	134.777
Tekjuafgangur (-halli)	<u>124.597</u>	<u>(172.700)</u>	<u>(337.201)</u>	<u>(183.544)</u>	<u>(13.359)</u>
Efnahagur	2011	2010	2009	2008	2007
Veltufjármunir	<u>654.869</u>	<u>461.454</u>	<u>685.297</u>	<u>1.019.170</u>	<u>1.207.791</u>
Eignir alls	<u>654.869</u>	<u>461.454</u>	<u>685.297</u>	<u>1.019.170</u>	<u>1.207.791</u>
 Höfuðstóll	 438.584	 313.987	 486.687	 823.889	 1.007.433
